

## Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um skiptingu Reykjavíkurborgar.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Er unnt að skipta Reykjavík í tvö kjördæmi frá norðri til suðurs þannig að fullnægt sé kröfum 7. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, um að fjöldi kjósenda í hvoru kjördæmi fyrir sig sé nokkurn veginn jafn og að hvort kjördæmi sé því sem næst samfelld heild með tilliti til gatna og hverfa? Ef svo er, hvar mundu mörk kjördæmanna liggja?